



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

Koks í Færeyjum hefur verið afar vinsæll Michelin-staður. MYND/KOKS

Michelin-staður til Grænlands

elin@frettabladid.is

Veitingahúsið Koks í Færeyjum sem er með tvær Michelin-stjörnur verður flutt til Grænlands. Eigandinn hefur ákveðið að flytja veitingahúsið til þorpsins Ilimanaq sunnan við bæinn Ilulissat á vestanverðu Grænlandi, þar sem eru 80 íbúar. Þetta hefur komið mörgum á óvart enda staðurinn stolt Færeyja og hefur dregið til sín fjölda ferðamanna.

Í viðtali við dr.dk segir eigandinn, Johannes Jensen, þetta vera einstakt tækifæri. „Það er frábært að upplifa landsvæði með einstakri náttúru og hráefni.“ Flutningurinn kemur Mikkel Bækgaard, höfundi ferða- og matarskrifa, mikið á óvart. „Koks er ímynd Færeyja,“ segir hann. „Veitingastaðurinn hefur hjálpað til við að eyða fordómum um færeyska matarmenningu og gert vindblásnar eyjar að áfangastað alþjóðlegra matarferðamanna,“ segir hann.

Í sögulegu húsi

Koks var opnað fyrir tíu árum og býður einungis mat úr nærliggjandi umhverfi, sem hefur slegið í gegn hjá matgæðingum. Fyrst um sinn verður Koks starfandi á Grænlandi í tvö ár, en á þeim tíma verður veitingastaðurinn í Færeyjum stækkaður. Koks verður í sögulegri byggingu á Grænlandi frá 18. öld. Boðið verður upp á flug og gistingu í lúxusskálum og snæddur sálkeramatur með útsýni yfir ísjaka í Ísfirði sem er á heimsminjaskrá UNESCO. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILBRIGÐ MELTING

Góðgerlar,
meltingarensim,
jurtir og treffjarwww.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðar

25 ára og ljósmyndar fyrir stærstu tískublöðin

Sigurveig Anna Gunnarsdóttir, eða Annsy, fædd og uppalin á Sauðárkróki, hefur verið með myndavélina á lofti alveg síðan hún man eftir sér. Nú starfar hún sem tiskuljósmyndari í London, einungis 25 ára gömul.



Annsy hefur mundað ljósmyndavélina frá barnæsku og starfar nú fyrir stærstu tiskublöð heims.

MYND/ADSEND

Sigurveig bjó sér til listamannsnafníð Annsy í ljósmyndanámi í London. „Ég vildi ekki vera ljósmyndarinn með nafnið sem enginn gat borið fram,“ segir hún. „Ég vildi heldur ekki vera einn af þúsundum annarra ljósmyndara sem heita Anna. Annsy er blanda af báðum nöfnunum mínum, nema með ypsiloni,“ segir Annsy.

Ljósmyndarafræ í fimm ára barni

Það var ávallt til ljósmyndavél á heimili Annsyjar í æsku. „Pabbi hefur alltaf verið mikill tæknikall og hvetjandi og ég er þakklát fyrir að mér var treyst fyrir myndavélinni frá ungaaldri. Til er myndaalbúm heima á Sauðárkróki með myndum sem ég tók fimm ára, hlaupandi um í sveitinni hjá

ömmu. Þetta eru aðallega myndir af ömmu, sjónvarpinu, uppvaskinu og rósunum í glugganum, en það er einmitt upplifun mín af ömmu. Hún var alltaf með rósir í glugganum. Það er skemmtilegt að vita að þetta áhugamál hefur fylgt mér síðan ég var litil. Það mátti líka bóka það að ef myndavélin fannst ekki, þá var hún inni í herberginu

mínu.“ Það tók Annsy þó mörg ár að átta sig á því að ljósmyndun væri eitthvað sem hún gæti gert í lífinu, en ekki bara haft sem áhugamál.

Sannfærðist í skólanum

„Ég flutti suður og lærði í Hússtjórnarskólanum og fór í handavinnunám á Jótlandi. Næst fór ég í vöruhönnun í Listaháskóla »



Úr forsiðumyndaseríu sem Annsy tók fyrir Dreamingless. Aukahlutir gegndu þar mikilvægu hlutverki.



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

» Íslands. Ég uppgötvaði fljótt að námið þar höfðaði ekki til mín. Þegar ég var orðin spenntari fyrir skiptinámi en áföngum næstu annar fattaði ég að þetta væri ekki rétti staðurinn. Því hætti ég, keypti mína fyrstu myndavél og fór til Frakklands þar sem kærasti minn bjó.

Ég fór heim til Íslands þessi jól og spáði í því hvað ég vildi gera. Ég hef alltaf tekið myndir, sama hvar ég er eða hvað ég er að gera. Þá var ég byrjuð að taka ýmis ljósmyndanámskeið á netinu. Ég ákvað að verða eftir á Íslandi og skoðaði ljósmyndanáms. Mér leist vel á skóla í London og sótti um. Skólinn heitir Speós og er franskur, en með lítið útibú í London. Tíu dögum síðar var ég komin inn. Ég vann allt sumarið, tók að mér ýmis ljósmyndaverkefni og flutti svo út til London í september 2018.

Fyrstu önnina var ég sett í ýmsa áfanga þar sem ég kynntist ýmsum hliðum ljósmyndunar. Ég fékk verkefni sem höfðuðu mismikið til mín. Ég kynntist litافرæðum, prentun, eftirvinnslu, fréttaljósmyndun, stúdíói, lýsingu og fleiru. Eftir námið var ég sannfærð um að tískuljósmyndun væri rétta stefnan.“ Síðan hún útskrifaðist 2018 hefur Annsy starfað sem tískuljósmyndari í London. „Mér finnst ótrúlegt að þetta gangi svona vel hjá mér og ég nái að lifa af þessu, enda er ég ein af fáum úr mínum árgangi sem hafa haldið áfram á þessari braut eftir námið.“

Annsy er dugleg að koma til Íslands og ljósmynda. „Í faraldrinum hef ég stoppað lengur á hvorum stað fyrir sig. Það er gott að hafa litla þjóð í bakhöndinni sem maður getir hoppað heim til, kynnst fólki í bransanum og hitt fjölskyldu og vini í leiðinni. Þá hefur það líka verið kærkomið að koma hingað þegar allt er lokað og læst í London,“ segir Annsy. „Áhugasamir geta haft samband við mig á Instagram: annsy.co og á e-maili: contact@annsy.co.“ Annsy heldur svo úti vefsíðunni annsy.co.

Nína hafði aldrei haldið á lambi
„Ég var stödd í London fyrir ári síðan og átti flug til Íslands þremur vikum síðar. Allt var lokað og ég horfði á James Bond í fyrsta skipti. Ég dáðist að öllum glæsilegu flikunum í einni senunni. Svo fékk ég skilaboð frá mömmu kærasta míns með myndum af nýfæddum lömbum. Þarna fæddist ný hugmynd. Nýfæddu lömbin og glæsileikinn blönduðust saman og ég fékk innblástur.

Ég hafði samband við vinkonur mínar Guðnýju og Nínu sem voru



Annsy segir starfið skemmtilegt og krefjandi. Þá hafa samfélagsmiðlar verið henni kærkomið töl til þess að ná til verðandi viðskiptavina.

MYND/ADSEND



Hér má sjá ljósmynd úr myndaþætti þar sem nýfædd lömb og glæsileiki komu saman á einstakan hátt.

MÓDEL/
NÍNA DAGBJÖRT
FÖRÐUN/
GUÐNÝ SIF
MYNDIR/ADSENDER

til í að taka þátt í þessu með mér á Íslandi. Nína keyrði úr Reykjavík alla leið norður til að hitta okkur í sveitinni hjá tengdó. Við fengum nokkur lömb lánuð, klæddum Nínu í glæsilega síðkjóla, settum hárið upp, skreyttum hana með perlufestum og skarti og Guðný farðaði hana.

Þar sem Nína stóð uppstríluð í drullunni og ég rétti henni nýfæddan pínulítinn heimalning sagði hún allt í einu: „Ómægad! Ég hef aldrei haldið á lambi áður,“ og ég fattaði þá að það væri alls ekki sjálfsagt mál. En þetta fór allt vel að lokum og lömbunum leið vel hjá henni. Tímaritið Vikan samþykkti svo að deila myndunum ásamt viðtali við mig.“

Peppandi partitónlist
„Það eru nokkrir hlutir sem ég reyni að gera í hverri töku til að draga fram það besta í fyrirsætunni. Módelin eru jafnólík og þau eru mörg og maður nær mismunandi sambandi við hvern og einn karakter. Mér finnst mikilvægt að kynnast hverri fyrirsætu fyrir sig og spjalla við þær á meðan undirbúningurinn er í gangi. Einnig finnst mér gott að geta verið með tónlist í gangi. Skemmtilegustu tókurnar eru þegar módelið fær að velja tónlistina sjálft. Fólki líður betur þegar það fær að hlusta á sína tónlist, persónuleikinn skín í gegn. Margir dansa jafnvel á milli skota. Ég hef hlustað á mjög peppandi partitónlist mjög snemma á morgnana.“

Bransinn flóknari á Íslandi
Tískuljósmýndaheimurinn segir Annsy að sé nokkuð flókinn. „Það eru kostir og gallar. Fyrst þarf að eyða þúðri í að markaðssetja sjálfan sig og kynnast fólki til að komast inn í klikuna. Þetta er miserfitt eftir stöðum. Það var mun erfiðara að komast áfram á Íslandi sem ljósmyndari heldur en í London. Á Ísland finn ég að fyrir-tæki nota mikið til sömu fimm ljósmyndarana, og skil það vel. Fólki vill vinna með þeim sem það þekkir. En það gerir það erfiðara fyrir nýja ljósmyndara að komast inn í bransann. Mér fannst mun auðveldara að komast inn í starfið í London.“

Skrefin inn í bransann
Eina góða leið til þess að komast inn í bransann segir Annsy vera að mynda fyrir módelstofur. „Þannig kynnist maður fyrirsætum. Ég prófaði að hafa samband við módelstofur á Íslandi um að ljósmynda fyrirsætur í skiptum fyrir



Myndasería sem Annsy tók á Canary Wharf í London, innblásin af stórum byggingum Lundúnaborgar.



Mynd úr myndaseríunni Trinity, sem innblásin var af kvikmyndinni Matrix. Serian var birt í Solstice Magazine.

myndir í þeirra eigin möppur. Mér var þá boðið að borga fyrir að nota módelin. Í London er þessu öfugt farið. Módelstofur hafa gjarnan samband við ljósmyndara að fyrra bragði um að senda þeim módel til að taka möppumyndir, jafnvel á meðan maður er í námi. Þó svo mér þyki vænt um að geta komið til Íslands og tekið að mér verkefni, finn ég mjög mikinn mun.

Önnur vinsæl leið er að búa til flotta myndaseríu og senda á tiskublöðin. Samfélagsmiðlar hafa hjálpað mér helling við að komast inn í bransann, enda er mun líklegra að tilvonandi kunnar rekist á þig á samfélagsmiðlum en að þeir rambi inn á heimasíðuna þína. Þetta gerist hægt í fyrstu en eftir því sem myndatökum og birtingum fjölgar og tengslanetið stækkar, fær maður fleiri verkefni og fleiri birtingar.“

Vinsæll tískuljósmyndari
Ljósmyndir Annsyjar hafa birst í fjölda virtra timarita, eins og Solstice Magazine, Photo Vogue Italia, Elegant Magazine, Picton Magazine, Víkunni, Dreamingless Magazine, Horizont Magazine og fleira. „Ég er ótrúlega heppin hversu víða ljósmyndirnar mínar hafa ferðast og birst.

Á síðasta ári vann ég við ellefu myndatökur sem birtust í tisku-blöðum og nýjustu birtingarnar mínar voru í Scoprio Jin og í Creators Magazine, en það var einmitt fyrsta blaðið til þess að hafa samband við mig á Instagram. Það er fátt ánægjulegra en að sjá ljósmyndirnar sínar í prenti og framan á blöðum. Ég stefni núna á að mynda meira fyrir fyrirtæki og hönnuði því mér finnst spennandi að sýna fót og vörur í gegnum ljósmyndirnar og leyfa þeim að njóta sín.“ ■



ZE ZE Piya stuttur pífukjöll með tíglum
Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr.
Útsöluverð 6.993 kr.



ZE ZE Joline vesti
Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr.
Útsöluverð 6.993 kr.



ZE ZE TILJE Tunica
Stærðir 38-48
Verð áður 7.990 kr.
Útsöluverð 5.593 kr.



ZE ZE Paya Hettupeysukjöll með Lurex
Stærðir 38-48
Verð áður 12.990 kr.
Útsöluverð 7.794 kr.



ZHENZI Lindy tunika
Stærðir 42-56
Verð áður 10.990 kr.
Útsöluverð 7.693 kr.

ÚTSALAN ER HAFIN



ZHENZI Misti tunika
Stærðir 42-56
Verð áður 9.990 kr.
Útsöluverð 6.993 kr.




ZHENZI Nyree tunika með hettu
Stærðir 42-56
Verð áður 9.990 kr.
Útsöluverð 6.993 kr.



ZHENZI Keely opin peysa
Stærðir 42-56
Verð áður 9.990 kr.
Útsöluverð 6.993 kr.



YESTA Benoy mynstraður bolur
Stærðir 44-56
Verð áður 8.980 kr.
Útsöluverð 6.286 kr.



YEST/YESTA Kjöll með Lurexröndum
Stærðir 38-56
Verð áður 12.980 kr.
Útsöluverð 6.490 kr.

30-60% afsláttur af öllum útsöluvörum



HANDBERG Ullarkápa
Stærðir 42-56
Verð áður 49.980 kr.
Útsöluverð 34.986 kr.



NO SECRET Nala opin peysa
Stærðir 42-56
Verð áður 11.980
Útsöluverð 8.386 kr.



SYBEL Peysukápa
Stærðir 42-56
Verð áður 21.980 kr.
Útsöluverð 10.990 kr.



ZHENZI Laken jakki
Stærðir 42-56
Verð áður 12.990 kr.
Útsöluverð 9.093 kr.



X-TWO Úlpa
Stærðir 44-46
Verð áður 19.980 kr.
Útsöluverð 9.990 kr.

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun @frettabladid.is

Flugfreyjan og förðunarfræðingurinn Elísa Gróa Steinþórsdóttir var kjörin Miss Universe Iceland í haust. Hún á safn kjóla sem hún notaði í keppninni hér heima og í Ísrael.

Elísa Gróa er 27 ára gömul og starfar sem flugfreyja hjá Play Air. Hún hefur einnig starfað sem förðunarfræðingur og sem danskennari og danshöfundur, en hún hefur æft dans frá barnsaldri. Í haust rættist langþráður draumur hjá Elísu, þegar hún keppti í Miss Universe Iceland. Hún vann keppnina og fór í kjölfarið af því til Ísrael og keppti í Miss Universe.

„Þetta var langþráður draumur sem rættist loksins 2021, en ég hef verið að keppa í svona keppnum síðastliðin sex ár,“ segir Elísa Gróa, aðspurð hvers vegna hún ákvað að taka þátt í keppninni hér heima. Hún segir að keppnin í Ísrael hafi verið mögnuð upplifun og gaman að geta skoðað landið í leiðinni.

„Þetta var rosaleg vinna og mikil dagskrá, en ég reyndi að njóta alltaf augnablikins. Það var æðislegt að vera fulltrúi Íslands í stærstu svona keppni í heiminum,“ segir Elísa Gróa.

Fyrir svona keppnir þarf að eiga marga kjóla og Elísa Gróa á safn af síðkjólum sem hún hefur keypt sér í gegnum árin.

„Ég bætti nýjum við í safnið þegar ég keppti í september hérna heima og stuttu eftir að ég vann fór ég til Bandaríkjanna, meðal annars til að velja mér kjóla og fatnað fyrir Miss Universe. Ég á svo yndislega styrktaraðila í mismunandi fylkjum sem leyfðu mér að velja allt sem ég þurfti til að nota úti í Ísrael,“ segir hún.

„Uppáhaldssíðkjöllinn held ég pottþétt að sé sá sem ég valdi fyrir sviðið, en það er silfurlitaður Fernando Wong kjöll með löngum slóða. Mig dreymdi alltaf um að keppa á risastóru sviði í kjól með skikkju eða slóða.“

Elskar glitrandi efni og steina Elísa Gróa segist hafa mikinn áhuga á tisku en hún fylgi tiskustraumum samt takmarkað.

„Minn still helst yfirleitt frekar óbreyttur en ég laðast að flestu sem er glitrandi og litríkt. Bleikur hefur alltaf verið uppáhaldsliturinn. Ég elska fallega kjóla, enda á ég safn heima hjá mér, og nánast hver einasti er úr glitrandi efni eða með steinum,“ segir hún.

Aðspurð að því hvort hún eigi sér uppáaldshönnuð segist hún eiga nokkra. „Ég og get eiginlega ekki gert upp á milli Fernando Wong, Sherri Hill og Alyce Paris,“ segir hún.

Þrátt fyrir að Elísa Gróa elski

Síðkjöll eftir Fernando Wong með löngum slóða er uppáhaldssíðkjöll Elísu Gróu.

Hversdags er Elísa oftast í jogginggalla. Eða í vinnufötunum, flugfreyjubúningi.



Laðast að bleiku, glitrandi og litríku



Fyrir utan síðkjólana er þessi bleiki samfestingur uppáhaldsflik Elísu Gróu en hann er sérsaumaður á hana.

glitrandi síðkjóla eru það skiljanlega ekki fötin sem hún gengur í alla daga.

„Hversdags er ég yfirleitt í flugfreyjubúningnum, ræktarfötum eða bleikum jogginggalla, en þegar ég klæði mig upp á þá er það alltaf „full glam“-kjólar, glimmer og litir. Lífið er of stutt til að þora ekki að klæða sig nákvæmlega eins og þú vilt.“

Uppáhaldssíðkjöllinn held ég pottþétt að sé sá sem ég valdi fyrir sviðið, en það er silfurlitaður Fernando Wong kjöll með löngum slóða. Mig dreymdi alltaf um að keppa á risastóru sviði í kjól með skikkju eða slóða.

Bleikur samfestingur í uppáhaldi Uppáhaldsflik Elsu, fyrir utan alla síðkjólana, er bleikur samfestingur sem var hannaður og sérsaumaður á hana fyrir dómaraviðtalið í Miss Universe keppninni.

„Ég fékk að velja nákvæmlega hvernig ég vildi hafa flikina, og þetta kom út eins Elísu-legt og hægt er. Skærbleikur, útviður samfestingur með einni ermi og á erminu voru settir margir mismunandi glitrandi steinar.“ ■



Elísa Gróa stundar líkamsrækt og hversdagsfötin bera vitni um það.

Naglalakk frá Machine Gun Kelly

oddurfreyr@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Machine Gun Kelly, eða Colson Baker eins og hann heitir í raun, var að markaðssetja línu af naglalakki sem hentar öllum kynjum undir nafninu UN/DN LAQR.

MGK segist líta á neglurnar sínar sem farveg fyrir list og líkir þeim við tíu litla striga til að mála á. „Þegar ég lakka neglurnar á mér er ég að sýna hugsanir mínar og gefa yfirlýsingu,“ segir hann. „Fyrir mér er lakk ekki bara litur, heldur ásetningur. Allir litir hafa sinn tilgang.“

Línan inniheldur tíu mismunandi liti og hver þeirra er tengdur einhverri ákveðinni skynjun eða upplifun. Gráa lakkið er til dæmis kallað „Ritstifla“ og það svart „Þunglyndislegt“.

Það er líka til ljósbleikt lakk



Machine Gun Kelly kemur iðulega fram opinberlega með lakkaðar neglur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

sem heitir „Slept í bleytu“ og dökkgrænt lakk sem MGK líkir við lyktina af einhverjum sem er nýbúinn að reykja kannabis. Brittney Boyce, naglasérfræð-

ingurinn sem sér um að naglakka MGK, segir að uppáhald hennar í línunni sé lakk sem heitir „Mary Jane“ og á að lykta eins og kannabis.

„Grænt er vinsælt einmitt núna og þetta lakk býður upp á sérstaklega mikla möguleika til sköpunar við naglalökkun, allt frá því að mála alla nöglina í einum lit að því að gera snúning á klassískri franskri handsnyrtingu,“ segir hún og bætir við að litirnir í línunni séu svo fjölbreyttir að þeir bjóði upp á endalausa möguleika í naglalist og tjáningu.

MGK er ekki fyrsti frægi karlmaðurinn til að gera sína eigin naglalakkslínu. Harry Styles gerði línu sem heitir „Pleasing“ fyrir nokkrum vikum og árið 2020 gerði AJ McLean úr Backstreet Boys lakkslínu sem heitir „Ava Dean Beauty“. ■

Náttúruleg slökun & góður nætursvefn

Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?

Slakandi blanda sem inniheldur **Magnoliu börk** og **Íslensk fjallagrös**

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

sofðu rótt

Hrein Magnolia með fjallagrös

60 HYLKI|FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverðun og flestum stórvörumörkuðum.



Stórútsalan hafin 30%-70% afsláttur



LAXDAL
ER Í LEIÐINNI

TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið
laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Sýnishorn af strigaskóm ársins 2021

Lífsstílmáritið GQ birti nýlega umfjöllun um bestu strigaskó ársins 2021 ætlaða karl- mönnum. Þar kennir ýmissa grasa enda fara fallegir strigaskór vel við flest fót, hvort sem ætlunin er að vera glerfinn eða frjálsgur til fara. Kíkjum á nokkra fallega strigaskó.



Er hægt að gera árslista án þess að Kanye West komið við sögu? Adidas Yeezy 450 eru sannarlega frumlegir í útliti og vekja athygli hvar sem þeir sjást.



Jordan x A Ma Manière Retro 1 sækir, eins og nafnið gefur til kynna, innblástur til gömlu góðu árána.



Jordan x Off-White Retro 2 low.



Salomon ACS Pro Advanced slógu í gegn á síðasta ári enda eru þeir skemmtilega gamaldags í útliti.



New Balance x Aimé Leon Dore 993.



New Balance x JJJound 990v eru einfaldir og stílhreinir skór.



Prada „America’s Cup“ Original voru hannaðir fyrir Luna Rossa siglingaliðið en náðu fljótlega líka upp á land.



Nike x Comme des Garçons Foamposite One frá Nike kom út í takmörkuðu upplagi á síðasta ári.



Adidas Yeeze Foam Runner úr smiðju Kanye West eiga vafa- laust eftir að hafa áhrif á aðra hönnuði í ár.



Crocs x Salehe Bembury „Pollex“ úr smiðju hönnuðarins Salehe Bembury vöktu verðskuldaða athygli í fyrra.

Miðvikudaginn 12. janúar gefur Fréttablaðið út sérblaðið

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Að vanda er boðið upp á fjölmargar fróðlegar greinar og viðtöl.

Allir sem eru að velta fyrir sér námi fá góða yfirsýn yfir það sem er í boði í blaðinu.

Blaðið er mjög vinsæll valkostur fyrir menntastofnanir, einkaskóla og fyrirtæki til að auglýsa eða kynna það sem þau hafa upp á að bjóða.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:
Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúa Fréttablaðsins.
Netfang: jonivar@frettabladid.is – Beinn sími: 550-5654



ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR

BROOKS
FUSION
COMPRESSPORT
NATHAN
FEETURES
MCDAVID
OOFOS
TECNICA
HYPERICE
RYDERS
TIFOSI

kíktu nánar á afslættina á
faeturtoqa.is



FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Kringlan 3. hæð - Höfðabakki 3 - Faeturtoqa.is - Sími 55 77 100

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bílauppbod.is er uppbóðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



Mercedes Benz C 220 Diesel station AMG pakk, 2020 4matic, ekinn 35.000. Svart leður, panorama þak, glæsilegt eintak, einn með öllu! Ásett verð 9,9, skoðum öll TILBOÐ. Uppl í síma 7902342 og Íslandsbílar höfða 5375566

Þjónusta

Bókhald

B. VILBERGSSON EHF
Get bætt við fyrirtækjum í bókhaldsþjónustu. Viðurkenndur bókarí. thv@thv.is. Sími: 8884818

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltir málarameistarar. Löggiltir málalarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malalarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirkir s: 778-7171

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Húsnæði í boði

109 langtímaleiga 2-3 herb. íbúð. Sími 8956160. 2-3 room apt. In 109 long term. Tel. 8956160

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Gefins

Notað Sony útvarp fæst gefins. 3 x 5 tommu hátali. Get afhent tækið ef viðkomandi er á höfuðborgarsvæðinu. Tala ensku. Uppl. síma: 554-6286. Tómas.

Heilsa

Heilsuvörur



FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

B O R G
ATVINNUHÚSNÆÐI

Til sölu


Til sölu

Norðurhella 8 221 Hafnarfjörður

Atvinnuhúsnæði

Sex mismundi iðnaðarbil til sölu. Stærðir bilanna eru 244,9–330,4 fm. Mismunandi er hvernig þeim er skipt upp, sum eru með milliloft yfir öllu rýminu en önnur aðeins til helmings. Húsnæðið er vel staðsett í iðnaðarhverfinu á Völlumum í Hafnarfirði. Góð tenging við stofnbrautir og góð aðkoma. Gott framtíðarhúsnæði fyrir öflug fyrirtæki.

Bilin 6 eru:
8A: 330,4 fm 8D: 321,5 fm
8B: 246,3 fm 8E: 324,6 fm
8C: 244,9 fm 8F: 330,4 fm

Gunnlaugur löggiltur fasteignasali
844 6447 · gunnlaugur@fastborg.is

Úlfar Þór löggiltur fasteignasali
788 9030 · ulfar@fastborg.is



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



Varahlutir í lyftara

- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is